

Vegna: Máls nr. 0580/2024, Kársnes Þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags. (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Fyrir hönd eigenda Vesturvarar 30B viljum við koma á framfæri athugasemdum vegna vinnslutillögu rammahluta aðalskipulags fyrir vestanvert Kársnes, sbr. auglýsingu bæjarins á heimasíðu hans, sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Við vísum til fyrri samskipta og fundar með bænum um þetta þar sem af okkar hálfu var lýst áhyggjum af mikilli skerðingu sem fyrirhuguð er á lóðinni vegna skipulagsins og ítrekum það sem þar kom fram m.a. um bótarétt, sbr. 51. gr. skipulagslaga.

Samkvæmt fyrirbyggjandi uppdrátti að svæðinu er gert ráð fyrir umtalsverðri skerðingu á bílastæðafjölda austan við Vesturvör 30B vegna borgarlínu.

Atvinnustarfsemi sú sem fram fer í húsinu er háð góðu aðgengi og því að næg bílastæði séu fyrir hendi. Af því tilefni ítrekum við að hvort tveggja verði tryggt á framkvæmdatíma og fundnar verði ásættanlegar lausnir í því samhengi svo að þjónustugildi hússins skerðist ekki. Auk þess verði bílastæðum bætt við norðan við Vesturvör 30B með tilheyrandi stækkun á lóðinni í stað þeirrar skerðingar sem áætluð er en það er meðal þeirra lausna sem ræddar hafa verið.

Þá kalla eigendur eftir því að bærinn haldi þeim upplýstum reglulega um þá uppbyggingu sem fyrirhuguð er á reitnum, einkum hvað varðar tímasetningar og annað sem við kemur þeim framkvæmdum sem eru í bígerð.

Höfundur: Pétur Már Ólafsson/pmo@bjartur.is

Sent inn þann: 21.02.2025, **Fyrir hönd:**